



354. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 11. apríl 2024 kl. 16:00. Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ.

Forföll: Garðar Svansson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

#### Dagskrá:

##### 1. Fjármál

Inn á fundinn mættu þau Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir fulltrúi PWC á Íslandi sem annast endurskoðun ársreiknings ÍSÍ, Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri og Steinunn Anna Í. Tómasdóttir gjaldkeri á skrifstofu ÍSÍ.

##### *Ársreikningur ÍSÍ 2023.*

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri stjórnar vísaði til kynningar á ársreikningi ÍSÍ á síðasta fundi framkvæmdastjórnar. Sú breyting hefur verið gerð í framsetningu ársreikningsins að hann er nú sýndur sem samstæðureikningur þar sem rekstur sjóða, styrkveitingar og daglegur rekstur ÍSÍ er tekinn saman.

Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur ÍSÍ fyrir árið 2023. Ársreikningurinn er undirritaður af fulltrúum PWC og einnig staðfestur af félagskjörnum skoðunarmönnum ÍSÍ.

Sara Henný þakkaði stjórnendum og starfsfólki ÍSÍ fyrir gott samstarf við endurskoðun ársreikningsins. Hún og Steinunn Anna fóru svo yfir helstu lykilþætti ársreiknings ÍSÍ, sundurliðanir og skýringar. Rekstrarniðurstaðan er jákvæð en samstæðan skilaði rúmum 107 m.kr. í hagnað. Munar þar að mestu um aukið framlag af lottótekjum til Viðhalds- og byggingarsjóðs ÍSÍ sem ætlað er að standa undir viðhaldi og framkvæmdum við Íþróttamiðstöðina í Laugardal. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir hátt í 20 m.kr. hagnaði af rekstri, en niðurstaðan var rúmar 11 m.kr. þar sem aukinn kostnaður varð við framkvæmdir í Íþróttamiðstöðinni á árinu.

##### *Skýrsla endurskoðenda*

Sara Henný flutti síðan skýrslu endurskoðenda og fór yfir áherslur og athugasemdir. Framkomnar athugasemdir eru minniháttar og er unnið að úrlausnum.

Ársreikningur ÍSÍ 2023 var borinn upp til afgreiðslu framkvæmdastjórnar og samþykktur samhljóða.

Forseti þakkaði Söru Hennýju og PWC, ásamt starfsfólki ÍSÍ fyrir góð störf við gerð ársreiknings ÍSÍ og endurskoðun hans.

Sara Henný, Kári Steinn og Steinunn Anna viku af fundi.

### *Úthlutunarreglur ÍSÍ vegna lottó*

Forseti óskaði eftir heimild til að seinka gildistöku reglnanna um einn mánuð, eða til 1. maí nk., með fyrirvara um samþykki stjórnar UMFÍ.

Samþykkt samhljóða.

## **2. Samantekt skrifstofu**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSÍ. Nefndarfolk EOC EYOF Commission fundaði á landinu í fyrstu viku aprílmánaðar, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi ÍSÍ er formaður nefndarinnar. Framundan er hvatningarátakið Hjólað í vinnuna og undirbúningur fyrir Ólympíuleikana í París er að þyngjast.

Umræður urðu um vinnusvæði framkvæmdastjórnar á Microsoft Teams og erfiðleika við að tengjast svæðinu. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið á milli funda.

## **3. Erindi til framkvæmdastjórnar:**

*Bréf HSK um brottvísun Karatefélags Suðurlands úr HSK.*

Vísað til skrifstofu til afgreiðslu.

*Bréf HSK um yfirtöku Íþróttafélagsins Hamars á starfsemi Lyftingafélagsins Hengils.*

Vísað til skrifstofu til afgreiðslu.

*Samþykkt frá ársþingi UMSB.*

Lögð fram samþykkt frá ársþingi UMSB þar sem fram koma þakkir til stjórnar og starfsfólks ÍSÍ fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf.

## **4. Afrekssjóður – skipun stjórnar**

Knútur G. Hauksson hefur sagt sig frá stjórnarstörfum í Afrekssjóði ÍSÍ. Samþykkt samhljóða að skipa Stefán Jóhannesson í sjóðsstjórnina í hans stað.

Upplýst var að Sigrún Sjöfn Ámundadóttir komi bráðlega aftur til starfa í sjóðsstjórninni eftir barnseignarfrí.

## **5. Tilnefning í stjórn Íslenskrar getspár**

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík 22. apríl sl.

Samþykkt að fulltrúar í stjórn Getspár verði:

Aðalfulltrúar: Lárus L. Blöndal forseti og Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti,

Varafultrúar: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Hörður Þorsteinsson gjaldkeri.

## **6. Svæðisskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ**

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála. Yfir 200 umsóknir bárust í þær 16 stöður fulltrúa svæðisskrifstofanna, sem auglýstar voru og var ágætis dreifing á umsóknum eftir svæðum. Fundað var með tengiliðum allra svæða eftir að umsóknarfresturinn rann út og framundan eru viðtöl við umsækjendur í samvinnu við Hagvang.

### *Minnisblað frá verkefnastjóra*

Lagt fram minnisblað frá Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur verkefnastjóra um stöðu mála við undirbúning opunar svæðisskrifstofa ÍSÍ og UMFÍ.

### *Bréf til stjórnna ÍSÍ og UMFÍ, frá ÍBR, ÍBH og UMSK varðandi svæðisskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ*

Lagt fram bréf til stjórnna ÍSÍ og UMFÍ frá ofangreindum íþróttahéruðum þar sem fram koma ábendingar og athugasemdir varðandi fyrirkomulag svæðisskrifstofu ÍSÍ og UMFÍ á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að framkvæmdastjórn ÍSÍ og UMFÍ hefðu fundað með aðilum íþróttahéraða á höfuðborgarsvæðinu varðandi fyrirkomulag á höfuðborgarsvæðinu og væri það samtali enn í gangi hvað varðar nánari starfslýsingu og verkefni þeirra aðila sem yrðu ráðnir til starfa.

## **7. Ólympíuleikarnir í París**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu undirbúnings fyrir leikana sem hefjast 26. júlí nk. Reglulegir fundir eru haldnir með sendiráði Íslands í París en einnig hefur verið fundað með utanríkisráðuneytinu, m.a. vegna aðkomu háttsettra ráðamanna Íslands að leikunum og fulltrúa frá embætti Ríkislögreglustjóra um öryggismál í París og átök þjóða víða um heim, svo eitthvað sé nefnt.

Ólympíuhópur ÍSÍ telur nú 13 einstaklinga en Anton Sveinn McKee er enn sá eini þeirra sem hefur tryggt sér þátttökurétt á leikunum. Aðrir eru á fullu að keppa á alþjóðlegum mótum sem telja til stiga varðandi þátttökurétt.

Hjördís Guðmundsdóttir skýrði frá vinnu við kynningarefni í tengslum við Ólympíuhópinn. Allt íþróttafólkið í Ólympíuhópnum fær myndband sem ÍSÍ hefur látið vinna, sem það hefur heimild til að nýta á sínum samfélagsmiðlum í kynningarskyni.

## **8. Heiðranir**

Eftirfarandi heiðranir, sem framkvæmdastjórn samþykkti samhljóða með rafrænum hætti, eru hér með formlega bókaðar í fundargerð:

*HSH*

Gullmerki ÍSÍ: Bjarni Alexandersson og Gunnar Kristjánsson.

Silfurmerki ÍSÍ: Kristján Ágúst Magnússon.

Heiðursviðurkenningarnar voru afhentar á ársþingi sambandsins 11. apríl sl. Viðar Sigurjónsson sérfræðingur á Stjórnsýsluviði ÍSÍ sá um afhendinguna.

Eftirfarandi tilnefningar lagðar fram og samþykktar samhljóða:

*UDN*

Silfurmerki ÍSÍ: Valberg Sigfússon

Heiðursviðurkenningin verður afhent á ársþingi UDN 17. apríl nk.

*UMSS*

Gullmerki ÍSÍ: Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS.

Heiðursviðurkenningin verður afhent á ársþingi UMSS 27. apríl nk.

## **9. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 353. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ

- 3. fundar laganefndar, frá 4. apríl 2024. **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála staðfestar.**
- 308. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ.
- 313. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ. Fundargerðin var kynnt á síðasta fundi framkvæmdastjórnar en þarfnaðist lagfæringar og var því formlega staðfest aftur.

#### **10. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun ársþinga sambandsaðila.

#### **11. Næstu fundir**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða haldnir 16. maí, 20. júní og 4. júlí nk.

#### **12. Önnur mál**

##### *Ferðasjóður íþróttafélaga*

Vísað er til rafrænnar samþykktar framkvæmdastjórnar á úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga á milli funda, sem byggð var á heimild fundar framkvæmdastjórnar 14. mars sl. Ákvörðunin formlega bókuð hér í fundargerð.

##### *Móta- og keppendareglur ÍSÍ*

Framkvæmdastjóri vísaði til umfjöllunar um reglurnar á síðasta fundi framkvæmdastjórnar. Gefa þarf lengri tíma til skoðunar á reglugerðinni, meðal annars vegna vinnu sem stendur yfir í vinnuhópi ÍSÍ um góða stjórnunarhætti.

##### *Vinna í kjölfar vinnufundar framkvæmdastjórnar*

Olga Bjarnadóttir spurðist fyrir um stöðu mála varðandi stefnumótandi málefni sem rædd voru á vinnufundi framkvæmdastjórnar 28. september 2023.

Framkvæmdastjóri upplýsti að unnið hafi verið eftir þeim áherslum sem framkvæmdastjórn hafi samþykkt á vinnufundi, en hins vegar ætti eftir að koma þeim áherslum í betri búning og kynna fyrir íþróttahreyfingunni og öðrum. Unnið yrði áfram að þeim málum.

##### *Niðurstöður úr dómstólum ÍSÍ*

Rætt um niðurstöðu Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli 1/2024, Jóhann R. Skúlason gegn Landssambandi hestamannafélaga (LH).

Forseti skýrði niðurstöðuna og sagði fyrirhugaðan fund með LH vegna málsins á morgun.

Forseti skýrði frá því að til viðbótar við Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur og Helgu Þórðardóttur lögfræðing ÍSÍ, þá leggi KSÍ til Hauk Hinriksson yfirlögfræðing KSÍ í vinnu við að skoða ferla, reglur og leiðbeiningar í hreyfingunni varðandi hvers kyns ofbeldis, einelti eða önnur alvarleg atvik er upp kunna koma í hreyfingunni. Er talið nauðsynlegt að fara í skoðun á þessu með hliðsjón af málum sem upp hafa komið og þeirrar reynslu sem orðið hefur til í hreyfingunni frá því að síðasta yfirferð var unnin.

##### *Lýðheilsuverðlaun forseta Íslands*

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, sem sæti á í dómnefnd verðlaunanna fyrir hönd ÍSÍ, gaf stutta skýrslu varðandi fjölda tilnefninga í báðum flokkum (einstaklingar og starfsdeildir).

Þrír verðlaunahafar verða í hvorum flokki fyrir sig. Lagt er upp með að verðlaunin verði afhent í beinni útsendingu síðasta vetrardag, 24. apríl nk.

#### *Starfsmannamál*

Rætt var um mönnun skrifstofu og fyrirætlanir um ráðningar næstu mánuði í ljósi starfsmannabreytinga síðasta árið. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að í samræmi við stefnumörkun framkvæmdastjórnar ÍSÍ þá væri helst verið að horfa til aðila sem gætu nýst þvert á svið og verkefni.

#### *Staða hnefaleikaíþróttarinnar á alþjóðavísu*

Úlfur H. Hróbjartsson ræddi þá stöðu sem upp er komin innan hnefaleikaíþróttarinnar eftir að Alþjóðaólympíunefndin (IOC) henti Alþjóðahnefaleikasambandinu (IBA) út úr IOC. IOC sér sjálft um skipulag og undirbúning hnefaleikakeppninnar á Ólympíuleikunum í París en finna þarf lausn til framtíðar á skipulagi íþróttarinnar.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ÍSÍ fylgdist með stöðunni, bæði í gegnum Hnefaleikasamband Íslands og einnig í gegnum hóp sem er að störfum um ýmis alþjóðleg málefni og í sitja fulltrúar frá Norðurlöndunum og nokkrum Evrópulöndum.

#### *Málþing um verndun og velferð iðkenda í íþróttum*

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir minnti á málþing sem haldið verður dagana 12.-13. apríl á vegum Fimleikasambands Íslands og fjallar um verndun og velferð iðkenda í íþróttum. Kolbrún Hrund mun stýra málþinginu seinni daginn og Kristín Birna Ólafsdóttir verður með fyrirlestur byggðan á námi sem hún hefur stundað á vegum IOC um öryggi í íþróttum (Safeguarding Officer in Sport).

#### *Kynning á skýrslu starfshóps um afreksíþróttir*

Verið er að reyna að finna dagsetningu fyrir kynningu starfshópsins sem vonandi verður sem fyrst. Erfitt hefur reynst að ná saman þeim ráðamönnum sem fyrirhugað er að verði viðstaddir kynninguna.

#### *NM í karate*

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhugaðri heimsókn háttsettra erlendra gesta úr karateíþróttinni til ÍSÍ í tengslum við Norðurlandamótið í karate sem haldið verður hér á landi.

#### *Árþing sambandsaðila*

Framkvæmdastjóri sýndi nýútgefna bók um Ungmennasamband Kjalarnessþings, sem gefin var út í tengslum við 100 ára afmæli sambandsins. Formaður UMSK afhenti ÍSÍ bókina að gjöf á 100. árþingi sambandsins í marsmánuði. Bókin var prentuð í afar litlu upplagi en hún verður aðgengileg öllum á heimasíðu UMSK.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari